

LISTIR

Óvenjuleg hringferð

Sýningin Ferðafuða hefur farið hringinn í kringum landið á tveimur árum og er nú til sýnis í Listasafni Reykjavíkur að Kjarvalsstöðum. Myndlistarmennirnir Harpa Björnsdóttir og Ólöf Nordal sögðu **Silju Björk Huldudóttur** frá hugmyndinni að baki hringferðinni.

FARANDSÝNINGIN Ferðafuða hefur nú farið um landið á tveimur árum og er komin á Kjarvalsstaði þar sem hún verður til sýnis fram til 25. janúar nk. Á sýningunni má sjá „míniatúra“ eða smáverk í stærðinni 15x15 cm eftir 162 myndlistarmenn víðs vegar að af landinu. Sýningin var upphaflega opnuð í Slunkaríki á Ísafirði, einu minnsta galleríu landsins, í september árið 2001. Þaðan lá leiðin til Akureyrar, þar sem sýnt var á Listasafni 2002 í einum stærsta sýningarsal landsbyggðarinnar, Ketilhúsinu. Haustið 2002 var síðan sýnt í menningarmiðstöðinni Skaftfelli á Seyðisfirði, þaðan lá leiðin til Vestmannaeyja þar sem sýnt var í Áhaldahúsinu og endastöðin er í Reykjavík, þar sem ferðalaginu lýkur.

Aðspurðar segja Harpa Björnsdóttir og Ólöf Nordal nafn sýningarinnar hafa verið valið sökum þess að það fól í sér það ferðalag hringinn í kringum landið sem sýningunni var ætlað að fara allt frá upphafi. En ferðafuða merkir hringja, sylgja eða það sem lokar hringnum. Að sögn Hörpu og Ólafar var markmið sýningarinnar fyrst og fremst að stuðla að auknum tengslum milli landshluta með áherslu á sameiginlegan vettvang þátttakenda, myndlistina, en einnig þörfina fyrir samræður og samskipti listamanna á milli.

„Á þessu ferðalagi hittum við mikið af frjóu og skemmtilegu listafólki. Mér finnst ég vera svo rík að hafa kynnst öllu þessu bráðskemmtilega og hugsandi fólki,“ segir Harpa. „Það að vera myndlistarmaður getur nefnilega verið mjög einmanalegt starf og þess vegna skiptir mjög miklu máli að hittast reglulega og eiga vitrænar samræður við kollega sína um það sem skiptir okkur öll máli,“ segir Ólöf og bendir á að Ferðafuða eigi sér allan langan aðdraganda. „Tilbrigð sýningarinnar má rekja til hóps myndlistarkvænna sem fyrir rúmum áratug fór að hittast mánaðarlega til að ræða dægurmál myndlistarinnar og listapólítík,“ segir Harpa. „Þannig er félagslegi þáttur sýningarinnar alveg jafn mikilvægur, ef ekki mikilvægari en listræni þátturinn,“ segir Ólöf.

Heimafólki boðið til samsætis

Á fyrstu sýningunni á Ísafirði tóku þátt um þrjátíu listamenn af höfuðborgarsvæðinu og tíu af Vestfjörðum. „Á hverjum sýningarstað buðum við listafólki á staðnum eða úr byggðarlaginu að taka þátt í sýningunni og því fjölgaði þátttakendum um rúmlega 120 á þeim tveimur árum sem sýningin hefur verið á ferðinni,“ segir Harpa. „Auk þess héldum við heimamönnum veislu og buðum listafólkinu til samsætis við opnun á hverjum stað og margir úr hópi sýnenda ferðudust um landið til þess að hitta félag sína á þennan hátt,“ segir Ólöf.

Spurðar um hvernig gengið hafi að laga sýninguna að hinum ólíku sýningarstöðum segja Harpa og Ólöf það hafa gengið furðuvel. „Við þurftum auðvitað að endurhugsa

uppsetninguna fyrir hvern sýningarstað bæði m.t.t. sýningarrýmisins og líka nýrra verka sem sífellt bættust við. Vissulega má segja að stærð verkanna, það að þau séu öll innan við 15x15 cm, geri það að verkum að það myndast sjálfkrafa ákveðinn heildarsvipur.

Þessu til viðbótar notuðum við bleika litinn, sem sjá má á sýningararkránni, til þess að mynda ákveðna umgjörð um verkin, en í mismiklum mæli þó. Þegar við sýndum í Slunkaríki máluðum við t.a.m. allt rýmið bleikt,“ segir Ólöf. „Þó má segja að hver sýning hafi verið ófyrirsjáanleg og hálfgerð happdrætti hvernig verk við fengum og hvernig hver sýning yrði. Það krafði okkur, sem settum sýningarnar upp, um talsverða umhugsun og yfirlegu, en við erum frekar ánægðar með hvernig til tókst hverju sinni því aðstæður voru afar mismunandi. Þegar við sýndum á Akureyri þurftum við að glíma við tíu metra lofthæð og þar ákváðum við því að ganga alla leið, ef svo má segja, og hafa bleik og hvít blóm úr verki Rúnu Þorkelsdóttur á veggjunum, sem myndaði bakgrunn að sýningunni,“ segir Harpa. „Blómin áttu líka mjög vel við staðinn og tímann enda stóð Listasafni á Akureyri sem hæst um þær mundir,“ segir Ólöf. „Þegar við svo sýndum í Áhaldahúsinu í Vestmannaeyjum vildi svo skemmtilega til að gólfteppið í sýningarsalnum var bleikt, svo þar þurftum við ekki að hafa fyrir því að koma bleika litnum inn í rýmið,“ segir Harpa og hlær.

Góð yfirsýn yfir íslenskt myndlistarlíf

Spurðar um framhaldið útiloka þær Harpa og Ólöf ekki að Ferðafuða haldi áfram ferðalagi sínu. „Það hafa komið upp hugmyndir um að útvíkka sýninguna og fara með hana til hinna Norðurlandanna. Enda er þetta alveg dæmigerð sýning sem hægt er að tengja í allar áttir ef vilji er fyrir hendi,“ segir Harpa.

„Gildi þessarar sýningar fyrir mig persónulega felst í því að mér finnst ég hafa fengið ofboðslega góða yfirsýn yfir íslenskt myndlistarlíf og starfandi myndlistarmenn í landinu,“ segir Harpa spurð um gildi hringferðarinnar. „Eins finnst mér ég hafa fengið innsýn í hvernig það er að starfa sem myndlistarmaður við svo ólíkar aðstæður sem finnast bara hér á þessu litla landi, en í kjölfarið fór ég að velja fyrir mér þeim aðstæðum sem finnast um heiminn allan. Í framhaldinu af sýningunni finnst mér niðurstaðan vera sú að allir hefðu gott af meiri samskiptum. Á sama hátt og ég held að listamenn á höfuðborgarsvæðinu og öfugt, held ég að við hér á Íslandi hefðum gott af meiri samskiptum við listamenn og listheiminn í öðrum löndum. En til þess að það sé hægt þarf að skapa bæði aðstæður og tengsl. Við erum þakklátar öllum þeim sem gerðu okkur kleift að fara í þetta ferðalag og mynda þessi ákveðnu tengsl,“ segir Harpa.

silja@mbl.is

Fróðleikur



Grimsey og Grimseyingar – íbúar og saga er ritstýrt af **Helga Danielssyni**.

Samantekt efnis bókarinnar önnuðust Haraldur Jóhannsson, Valgarður Egilsson, Björn Friðfinnsson, Bjarni Magnússon og Helgi Danielsson og eru þeir einnig höfundar ýmiss efnis í bókinni ásamt fleirum.


Í bókinni er annars vegar ábúenda- og íbúatal Grimseyjar frá 1890 en annað efni er fjölbreytt og lýsir mannlífi og atvinnulífi í Grimsey frá öndverðri 19. öld til vorra daga.

Í inngangi bókarinnar segir Björn Friðfinnsson: „Saga Grimseyjar er saga harðrar lífsbaráttu við óblíðar aðstæður, hetjusaga horfinna kynslóða fólks sem með þrotlausu striti og þolinmæði tókst að nýta fjölbreytt lífríki heimskauteyjar sér til lífsafkomu. En saga Grimseyjar er einnig saga nútímafólks sem með tilkomu nýrrar tækni og þekkingar hefur byggt upp í eyjunni blómlegt samfélag á síðustu áratugum.“

Útlit bókarinnar var í höndum Helga Danielssonar, Friðþjófs Helgasonar og Guðmundar Steinssonar. Prentun annaðist Prentmet og útgefandi er Akrafallsútgáfan ehf.

Frásögn

Einræður Steinólfs í Fagradal eru skráðar af **Finnboga Hermannssyni**. Steinólfr Lárusson, bóndi í Ytri-Fagradal á Skaróströnd í Döllum, er stór í



sniðu og sérstæður maður á flesta lund. Jafnframt önnum búskaparins hefur hann sinnt eigin rannsóknum á ýmsum fyrirbærum mannlífsins. Tungutak hans er einkar meitlað og fjölskrúðugt og endurspeglar frumlega hugsun og kímigáfu. Oft hefur Steinólfr sagt yfirvöldum til sýnanna og ekki legði á skoðunum sínum um ýmis framfarar, svo sem mörgum er kunnugt. Hér segir hann af sjálfum sér, hugðarefnum sínum og hugsjónum, og af mannlífi á Skaróströnd fyrr og síðar.

Útgefandi er Þjóðsaga. Bókin er 187 síður og prentuð í Odda hf. Kápu hannaði Jón Óskar Hafsteinsson en ljósmynd á kápu tók Finnbogi Hermannsson. Verð: 4.690 kr.

Börn



Hrói bjargar jólaunum er eftir **Roddy Doyle**. Þýðandi er **Hjörleifur Hjartarson**.

Hér fjallar höfundur um það þegar Rúdólf, forystuhreinn jóla-sveinsins, er kominn með flensu og Sveinki er með allt á hælunum. Hvað er til ráða?

Írski rithöfundurinn Roddy Doyle, sem hlotið hefur m.a. Bookerverðlaunin, sló í gegn meðal íslenskra barna árið 2001 með bók sinni Flissararnir. „Hér er hann enn við sama heygarshornið og segir spreng-hlægilega og æsispennandi sögu þar sem allt getur gerst og ekkert er heilagt,“ segir í frétt frá útgefanda.

Útgefandi er Vaka-Helgafell. Bókin er 159 bls. Verð: 2.290 kr.

Í DAG

Val-myndir, Ármúla 8 kl. 15 Pétur Pétursson opnar sýningu á 11 málverkum. Þetta er þriðja einkasýning Péturs og eru allar myndirnar máláðar með akrillitum á striga. Sýningin stendur yfir út desembermánuð.

● Sjá einnig Staður og stund á mbl.is



Mynd nr. 1



Mynd nr. 2



Mynd nr. 3

1) Ferðafuða í Slunkaríki á Ísafirði þar sem ferðin hófst haustið 2001. 2) Sýningin komin til Akureyrar sumarið 2002. 3) Framlag Önnu Richardsdóttur til Ferðafuðu var gjörningurinn Pöddur. 4) Frá sýningunni í Ketilhúsinu á Akureyri. 5) Samtals taka 162 myndlistarmenn þátt í Ferðafuðu á Kjarvalsstöðum. Fremst á myndinni má sjá verkið Thumbs up – thumbs down eftir Heklu Dögg Jónsdóttur. 6) Án titils eftir Sólveigu Baldursdóttur er eitt þeirra verka sem sjá má á Kjarvalsstöðum.



Mynd nr. 4



Mynd nr. 5

Morgunblaðið/Sverrir



Mynd nr. 6

Morgunblaðið/Sverrir

Friðarljós

verða seld við eftirtalda kirkjugarða um jól og áramót. Þau fást einnig víða í verslunum

Gufuness- og Fossvogskirkjugarður:

23. des. kl. 13-17

24. des. kl. 9-17

31. des. kl. 13-17

Kirkjugarðurinn við Suðurgötu

24. des. kl. 9-17

Kirkjugarður Hafnarfjarðar

24. des. kl. 10-17

31. des. kl. 13-17

Kirkjugarður Akureyrar

24. des. kl. 10-17

31. des. kl. 13-17

Hjálparstarf kirkjunnar